

**M-47/2019. Álit 20. janúar 2020.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. janúar 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-47/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 24. júní 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla og krefst riftunar á kaupunum.

### **II**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni XX-000, af gerðinni Hyundai Terracan, fyrir 800.000 krónur þann 22. janúar 2019. Bifreiðinni hafði verið ekið rúmlega 170.000 km við kaupin. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið með bifreiðina í sérstaka ástandsskoðun á kaupdegi þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við ástand bifreiðarinnar. Stuttu eftir kaupin kveðst álitsbeiðandi hafa orðið þess var að mottur bifreiðarinnar væru sífellt blautar. Taldi álitsbeiðandi að veðurfarið á þeim tíma væri orsök, enda kæmi bleyta inn með skóm farþega. Eftir nokkurn tíma af þurru veðri segir álitsbeiðandi að hann hafi farið að gruna að bleytuna megi rekja til ástands bifreiðarinnar. Í byrjun maí árið 2019 var ástand bifreiðarinnar skoðað af bifvélavirkja og kom í ljós að grind bifreiðarinnar var brotin á mörgum stöðum. Taldi hann að bifreiðin væri ónýtt sökum þessa og hefði verið um nokkurt skeið. Eftir ítarlega skoðun á öðru verkstæði var staðfest þann 3. júní 2019 að grindin væri brotin á ótal stöðum. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið gölluð við kaupin og krefst riftunar.

Hinn 25. júní 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum og gögnum til stuðnings kröfu álitsbeiðanda, þar á meðal kaupsamningi vegna kaupa á bifreiðinni. Beiðnin var ítrekuð með bréfi þann 28. desember 2019 þar sem einnig var tekið fram að ef enginn kaupsamningur var gerður milli aðila krefjist nefndin staðfestingu álitsbeiðanda þess efnis.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindum bréfum. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera

skal hún vísa máli frá. Þá vísar kærunefndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsemi þessari frá.

#### **IV**

#### **Álitserð**

Álitsemi álitsemiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson